


VLR-006	Verklagsreglur um fastanefndir Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 1		

1. gr.

Hlutverk

Verklagsreglur þessar eru settar í þeim tilgangi að tryggja jafnrétti og að ákvarðanir verði bæði markvissar og gagnsæjar. Verklagsreglurnar eru settar í samræmi við 7. gr. samþykta Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.

- Verklagsreglurnar gilda um hlutverk, ábyrgð og starfshætti fastanefnda SHA.
- Fastanefndir SHA starfa samkvæmt IX. kafla samþykta Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.

2. gr.


Alþjóðanefnd

Markmið og tilgangur

- Alþjóðanefnd er tengiliður við erlenda nemendur skólans og skal vera þeim innan handar. Nefndin sinnir móttöku og inngildingum skiptinema, kynnir þá fyrir háskólanum og íslensku menningarlífi og er tengiliður þeirra við samfélag stúdenta. Alþjóðanefnd skal leitast við að efla samstarf við alþjóðanefndir annarra háskóla og er nefndin helsti vettvangur alþjóðasamstarfs SHA.

Skipan og hlutverk

- Í Alþjóðanefnd sitja alþjóðafulltrúi SHA, einn fulltrúi hvers aðildarfélags SHA ásamt tveimur fulltrúum alþjóðlegra stúdenta háskólans. Alþjóðafulltrúi er formaður nefndarinnar og tengiliður hennar við stúdentaráð og alþjóðaskrifstofu Háskólans á Akureyri.
- Alþjóðafulltrúi ber ábyrgð á starfi og verkaskiptingu nefndarinnar. Skal nefndin rita áætlanir í sameiningu.

VLR-006	Verklagsreglur um fastanefndir Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 2		

- Alþjóðanefnd heldur fundi eftir því sem þurfa þykir en minnst tvisvar á misseri. Alþjóðafulltrúi boðar til funda og skal fundardagskrá fylgja fundarboði. Fundarstjórn er í höndum alþjóðafulltrúa og skal ritari, kjörinn innan nefndar, rita fundargerðir sem alþjóðafulltrúi skal vista á skjalasvæði SHA.

3. gr.

Kynninganefnd


- Í Kynninganefnd sitja 9 aðilar ásamt formanni. Fulltrúi úr framkvæmdastjórn skal fara með formennsku nefndarinnar. Kynninganefnd tekur til starfa við upphaf nýs skólaárs og er starfstímabil hennar eitt skólaár í senn.
- Formaður Kynninganefndar skal funda með tengilið starfsfólks markaðs- og kynningarmála háskólans í upphafi starfsárs. Formaður skal jafnframt vera tengiliður við starfsfólk markaðs- og kynningarmála yfir starfsárið.
- Fulltrúar í Kynninganefnd bera ábyrgð á því að manna þá kynningarviðburði sem haldnir eru á vegum háskólans. Þar á meðal eru Opnir dagar í HA, Háskóladagurinn í Reykjavík, Háskóladagurinn á Akureyri og fjarkynningar. Fulltrúar eru jafnframt tengiliðir nefndarinnar við aðildarfélög og bera ábyrgð á samráði við stjórnir.
- Starfsfólk markaðs- og kynningarmála hefur yfirumsjón með þeim viðburðum háskólans sem Kynninganefnd kemur að og sér um að fjármagna þá.

4. gr.

Viðburðanefnd

Markmið og tilgangur


- Viðburðanefnd sér um viðburðahald fyrir stúdenta við Háskólann á Akureyri.

VLR-006	<p style="text-align: center;">Verklagsreglur um fastanefndir Stúdentafélags Háskólans á Akureyri</p>	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 3		

- Til verkefna Viðburðanefndar teljast viðburðir á sviði skemmtana-, íþróttá-, fræðslu- og fjölskyldumála. Hlutverk Viðburðanefndar eru nánar skilgreind í 35.-36. gr. samþykktar SHA.

Skipan og hlutverk

- Í Viðburðanefnd sitja Viðburðastjóri SHA og a.m.k. einn fulltrúi hvers aðildarfélags SHA. Viðburðastjóri er formaður nefndarinnar og tengiliður hennar við stúdentaráð.
- Viðburðastjóri ber ábyrgð á starfi og verkaskiptingu nefndarinnar. Skal nefndin rita áætlanir í sameiningu.
- Viðburðanefnd heldur fundi eftir því sem þurfa þykir. Viðburðastjóri boðar til funda og skal fundardagskrá fylgja fundarboði. Fundarstjórn er í höndum viðburðastjóra og skal ritari, kjörinn innan nefndar, rita fundargerðir sem viðburðastjóri skal vista á skjalasvæði SHA.
- Nefndin útbýr, auk starfsáætlunar, vinnulýsingu um framkvæmd allra stærri viðburða SHA. Útbúin er verkáætlun þar sem fram koma lykilupplýsingar um viðburðinn og hvernig nefndin hyggst framkvæma hann. Einnig þarf að fylgja með sundurliðuð kostnaðaráætlun.
- Viðburðanefnd getur óskað eftir aðkomu og aðstoð framkvæmdastjórnar sem og stúdentaráðs við vinnslu mála í nefndinni. Viðburðastjóri ber ábyrgð á því að mál séu tekin fyrir innan stúdentaráðs, sé þess þörf.
- Fyrir vel unnin störf er heimild fyrir því að veita fulltrúum Viðburðanefndar þóknun sem jafngildir aðgangsmiða á árshátíð SHA. Þóknunin skal veitt eftir að árshátíð lýkur og skal Viðburðastjóri leggja fram rökstudda tillögu til stúdentaráðs um hvaða aðilar nefndarinnar eiga tilkall til þóknunar. Til þess að geta átt tilkall til þóknunar þarf fulltrúi að hafa verið virkur í störfum nefndarinnar yfir starfsárið. Fái fulltrúi í Viðburðanefnd aðgangsmiða að árshátíð endurgreiddan vegna annarra starfa þá fellur þóknun Viðburðanefndar niður.

VLR-006	<p style="text-align: center;">Verklagsreglur um fastanefndir Stúdentafélags Háskólans á Akureyri</p>	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 4		

Almennar reglur

5. gr.


Starfsáætlanir, fjárhagsáætlanir og fjármál

- Stúdentaráð fer með fjárveitingavald til fastanefnda og skulu nefndir útfæra eigin kostnaðar- og starfsáætlun í samræmi við ramma fjárhagsáætlunar SHA. Rekstrarstjóri SHA hefur yfirumsjón með fjármunum fastanefnda, líkt og annarra nefnda.
- Starfsáætlun nefndarinnar þarf að innihalda áætlaðan fjölda viðburða sem haldnir eru á vegum nefndarinnar, dagsetningar til viðmiðunar, tegund viðburða og fleira sem nefndin telur að þurfi að koma fram.
- Formenn fastanefnda kynna starfsáætlun fyrir stúdentaráði og bera fjárhagsáætlun upp til samþykktar við framkvæmdastjórn SHA.

6. gr.

Fundargerðir, dagbók og ársskýrsla

- Fastanefndir skulu koma sér saman um skipan ritara innan hvernar nefndar og skal ritari rita fundargerðir á öllum fundum nefndarinnar og skal formaður jafn óðum vista fundargerðir á skjalasvæði SHA.
- Formenn fastanefnda skulu jafnt og þétt halda dagbók um störf og viðburði sinnar nefndar og varðveita á skjalasvæði SHA. Við lok starfsárs skulu þeir draga dagbókarfærslur saman í stuttan pistil sem birtur er í ársskýrslu SHA.

VLR-006	<p>Verklagsreglur um fastanefndir Stúdentafélags Háskólans á Akureyri</p>	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 5		

7. gr.

Endurskoðun verklagsreglnanna

Verklagsreglur þessar eru settar af stúdentaráði Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Öllum þeim sem sinna trúnaðarstöfum fyrir SHA ber skylda til að kynna sér verklagsreglur SHA í upphafi starfstímabils síns. Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers starfsárs og eftir atvikum uppfærðar af stúdentaráði.